



ÁRSSKÝRSLA BFSÍ 2020



**bogfimisamband
íslands**

Efnisyfirlit

FORMÁLI	2
STJÓRNUNARSVIÐ	3
AÐILDARFÉLÖG.....	3
STJÓRNARFUNDIR	3
INNLEND SAMSKIPTI	4
ALÞJÓÐLEG SAMSKIPTI	4
STARFSMENN RÁÐNIR.....	4
AFSÖGN FORMANNS	4
SIÐANEFND.....	5
ÍÞRÓTTAFÓLK ÁRSINS.....	5
MET OG VIÐURKENNINGAR	5
ÍSLANDSMET TÖLFRÆÐI.....	6
ÚTBREIÐSLA OG FRÆÐSLA	7
BOGFIMI Í FJÖLMÍÐLUM	7
ÞJÁLFARAR	7
DÓMARAR.....	8
FJÖLDI IÐKENDA	8
ÖNNUR ÚTBREIÐSLU OG FRÆÐSLU VERKEFNI	9
MÓTAHALD	10
ÍSLANDSMÓT BFSÍ	10
ÍSLANDSMÓT TÖLFRÆÐI	12
ÖNNUR MÓT BFSÍ.....	13
ÖNNUR MÓT	13
BÚNAÐUR	13
AFREKSSTARF	14
ÁHRIF COVID 19.....	14
ÍÞRÓTTASTJÓRI RÁÐINN.	15
HEILBRIGÐISTEYMI	15
HÆFILEIKAMÓTUN	15
UNGMENNA LANDSLIÐ OG VERKEFNI	16
LANDSLIÐ OG VERKEFNI	17
NORÐURLANDAMEISTARAMÓT UNGMENNA - NUM	17
MENNTUN/ENDURMENNTUN AFREKSPJÁLFARA	17
ALÞJÓÐLEGIR DÓMARAR	17
AFREKSSTEFNA	17
AFREKSMIÐSTÖÐ ÍSÍ.....	18

Formáli

Stofnþing Bogfimisambands Íslands (BFSÍ) var haldið 1. desember 2019 og er því árið 2020 fyrsta heila starfsár sambandsins. Mikil vinna fer í að stofna nýtt sérsamband, margar nýjar skyldur leggjast á íþróttina ásamt réttindum sem því fylgja og í mörg horn að líta.

BFSÍ fékk í vöggugjöf á fyrsta starfsári mörg óvænt viðfangsefni sem þurfti að fást við s.s. samkomubönn, nálægðarviðmið, niðurfellingu á öllum erlendum mótum, niðurfellingu fjölda innlendra móta, bann við öllu íþróttastarfi, varanlegt bann keppanda vegna siða- og agamála innan íþróttafélags, heimsfaraldur sökum Covid ásamt fleiru. Allt til viðbótar við þá miklu vinnu sem fer venjulega í stofnun sérsambands. Eins og enska orðatiltækið segir „þegar rignir þá hellidembir“. Þetta var fyrsta heila starfsár BFSÍ, það verður spennandi að sjá hvernig annað starfsárið verður og hvaða áskoranir munu koma upp á þessu ári.

Ljóst er að bogfimi eins og annað íþróttastarf í landinu hefur orðið fyrir verulegum truflunum vegna Covid á árinu 2020. Staða sambandsins er þó sterk og í þróun er sambandsins komið vel á veg. Ástæða þess er að hluta til margra ára undirbúningur stofnun sambandsins og vegna virkni stjórnarmanna í sínum störfum, sem þau hafa sinnt af þryði. Stefnur og umgjörð hefur verið sett upp fyrir flest atriði sambandsins þó að ekki hafi verið gripið til aðgerða í þeim öllum en sem komið er.

Starfsfólk hefur verið ráðið í lykilstöður sambandsins til þess að sinna rekstri sambandsins. Því ætti minna að vera til fyrirstöðu fyrir framtíðar vexti sambandsins, sambandsaðila og bogfimiíþrótt á Íslandi.



Guðmundur Örn Guðjónsson, formaður

BFSÍ hefur hlotið hrós frá mörgum aðilum á árinu um að standa sig með þryði gagnvart sínum skyldum og störfum. Markmið BFSÍ er að halda áfram því striki að bæta sig og vera íþróttasérsamband til fyrirmyndar í alla staði bæði hérlendis sem og erlendis.

Að mörgu þarf að hlúa að í framtíðinni svo að slíkur vöxtur haldi áfram

Við viljum þakka aðildarfélögum BFSÍ, þjálfurum, iðkendum, keppendum, dómurum og sjálfbóðaliðum fyrir gríðarlega uppskeru ríkt bogfimi ár og þann vöxt sem orðið hefur í íþróttinni. Einnig viljum við þakka ÍSí og starfsmönnum þess fyrir mikla og mikilvæga aðstoð á þessu fyrsta starfsári BFSÍ. Með von um áframhaldandi samstarf vöxt, þróun og útbreiðslu íþróttarinnar.

F.h. stjórnar Bogfimisambands Íslands,
Guðmundur Örn Guðjónsson, formaður



STJÓRNUNARSVIÐ

Frá stofnþingi Bogfimisambands Íslands

Aðildarfélög

BFSÍ er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga. Öll félög innan þeirra er iðka og keppa í bogfimiíþróttum. 11 aðildarfélög í 10 íþróttahéruðum voru aðilar að BFSÍ á árinu.

Nýtt aðildarfélag á árinu var Sundfélagið Grettir og héraðssamband Strandamanna.

Bogfimifélagið Boginn	UMSK
Bogfimifélagið Hrói Höttur	ÍBH
Íþróttfélagið Akur	ÍBA
Íþróttfélagið Freyja	ÍBR
Skotíþróttfélagið Dreki	ÚÍA
Skotfélag Austurlands	ÚÍA

Skotíþróttfélag Ísafjarðar	HSV
Skotíþróttfélagið Skyttur	HSK
Sundfélagið Grettir	HSS
Ungmennafélagið Tindastóll	UMSS
Ungmennafélagið Efling	HSP

Stjórnarfundir

10 stjórnarfundir voru haldnir á árinu 2020 og eru fundargerðir að finna á vefsíðu sambandsins (bogfimi.is). Fundir stjórnar hafa gengið vel, þó að stundum hafi verið of mörg mál á dagskrá og fundirnir verið langir. Stjórnin var einnig mjög virk utan funda í samskiptum og skipulagi og því fundirnir að mestu til að ákvarða formlega þau atriði sem komu upp í vinnu stjórnarmeðlima utan funda.

Innlend samskipti

Fyrsti formannafundur BFSÍ var haldinn á fjarfundi í mars. Á formannafundi 2020 var lögð fyrir fyrsta afreksstefna BFSÍ og drög að heildarstefnu stjórnar. Fá atriði voru á dagskrá enda sambandið aðeins fjögurra mánaða gamalt. En fundurinn gekk vel og var vel sóttur af aðildarfélögum.

Einnig var haldinn formannafundur 11. september til þess að upplýsa formenn aðildarfélagana um stöðu mála, Covid sóttvarnarráðstafanir, stöðu fjármála sambandsins og siðamál.

Mikið samstarf var milli BFSÍ og ÍSÍ á árinu, sérstaklega í tengslum við Covid-19 mál, reglugerðir og sífelda viðauka og breytingar sem á þeim þurfti að gera á meðan ástand heimsfaraldurs þróaðist og samkomubönn breyttust.

Stjórn BFSÍ leitaði einnig ráða til starfsmanna ÍSÍ reglulega í ýmsum tilgangi, til þess að ganga frá bogfiminefnd ÍSÍ, til þess að fá ráð um rétta stjórnhætti uppsetningu og að allt væri að fara fram með réttu móti.

Samstarf við ÍSÍ hefur gengið vel, það er markmið stjórnar og starfsmanna að halda góðum samskiptum og samstarfi við ÍSÍ í sínum verkefnum.

BFSÍ hefur verið í reglulegum samskiptum við formenn deilda og aðildarfélög sín um margvísleg mál sem hafa komið upp á árinu, bæði til þess að upplýsa aðildarfélögin, aðstoða og leysa tilfallandi mál.

Alþjóðleg samskipti

Norðurlandafundur var haldinn í febrúar 2020 í Svíþjóð áður en Covid ástand stöðvaði samgöngur. Ólafur Gíslason þáverandi formaður sat fundinn fyrir hönd BFSÍ. Á fundinum var meðal annars rætt um undirbúning Norðurlandameistaramóts ungmenna (NUM) 2020.

Covid varð þess valdandi að þingi Bogfimisambands Evrópu og Evrópumeistaramótum var frestað til ársins 2021.

Guðmundur fyrrum varaformaður og sitjandi formaður BFSÍ tók að sér önnur alþjóðleg samskipti á árinu og hefur setið fjölmarga upplýsinga fjarfundi með heimssambandinu um ýmis málefni tengd Covid, afreksstarfi og þróun íþróttarinnar. Framkvæmdastjóri BFSÍ byrjaði einnig að sitja þá fundi þegar hann hóf störf í nóvember.

Starfsmenn ráðnir

Ásdís Lilja Hafþórsdóttir var ráðin í 80% starf sem framkvæmdastjóri BFSÍ í október og hóf störf 1. nóvember.

Guðmundur Guðjónsson var ráðinn til starfa í 20% starf sem íþróttastjóri BFSÍ 1. ágúst.

Markmið BFSÍ er að læra af reynslu annara sérsambanda og minni bogfimilandsambanda og að leggja meirihluta vinnu sem þarf að gera í hendur starfsmanna í stað sjálfboðaliða, þar sem það er mögulegt. Ljóst er að íþróttahreyfingin er byggð að stærstum hluta á vinnu sjálfboðaliða og eru þeir ein okkar mikilvægasta auðlind. Því er mikilvægt að létta á þeirri vinnu sem þeir þurfa að sinna.

Afsögn formanns

Ólafur Gíslason sagði af störfum sem formaður BFSÍ á árinu í apríl stuttu eftir formannafund sökum anna. Honum voru þökkun vel unnin störf. Guðmundur Örn Guðjónsson varaformaður tók hans stað sem formaður sambandsins. Fyrsti varamaður Astrid Daxböck var tekin inn í stjórn og sett í hlutverk varaformanns. Aðrir stjórnarmenn voru Albert Ólafsson gjaldkeri, Ásdís Lilja Hafþórsdóttir ritari og Haraldur Gústafsson meðstjórnandi.

Siðanefnd

Ingólfur Rafn Jónsson var settur sem formaður siðanefndar á árinu. Nokkur mál komu inn á borð siðanefndar á árinu 2020, öll tengd sama einstaklingi. Málin leystust með ákvörðun aðildarfélagsins um varanlegt bann einstaklingsins úr félaginu og frá öllum þeirra svæðum. BFSÍ tekur tillit til agabrota einstaklinga innan starfa og verkefna sambandsins og aðildarfélaga þess. Mál bárust frá iðkendum, þjálfurum, íþróttafélögum og áhorfendum.

Unnið var í nýrri umgjörð af reglum og verkferlum tengdum siða/agamálum, sú vinna mun halda áfram á árinu 2021. Reglubundið var leitað til samskiptaráðgjafa íþróttahreyfingarinnar og ÍSÍ til ráðgjafar tengt siðamálum.

Íþróttafólk ársins

Íþróttafólk ársins var valið í nóvember í samræmi við reglugerð BFSÍ um íþróttafólk ársins. Virkja þurfti að ákvæði um „Ófyrirséð atvik“ í reglugerðinni sökum þess að enginn alþjóðleg mót voru haldin á árinu vegna Covid-19. Lokaval einstaklinga var þá valið með atkvæðum formanna aðildarfélaga BFSÍ.

Íþróttamaður ársins var valinn Dagur Örn Fannarsson úr BF Boganum

Íþróttakona ársins var valin Marín Aníta Hilmarsdóttir úr BF Boganum

Til viðbótar samþykkti stjórn BFSÍ viðbót við reglugerð um íþróttafólk ársins að veita þeim sem stóðu sig best í tölfræði í hverjum bogaflokki viðurkenningu. Þeir sem fengu viðurkenningar ársins voru:



Dagur og Marín taka við bikurum

Sveigboga karl ársins:	Dagur Örn Fannarsson	BF Boginn
Sveigboga kona ársins:	Marín Aníta Hilmarsdóttir	BF Boginn
Trissuboga karl ársins:	Nói Barkarson	BF Boginn
Trissuboga kona ársins:	Anna María Alfreðsdóttir	ÍF Akur
Berboga karl ársins:	Izaar Arnar Þorsteinsson	ÍF Akur
Berboga kona ársins:	Guðbjörg Reynisdóttir	BF Hrói Höttur

Met og viðurkenningar

52 einstaklings og 20 liða Íslandsmet voru tilkynnt á árinu 2020 og fjölmargir sem keyptu viðurkenningar fyrir sín afrek. Þar sköruðu mest frammúr Núi Barkarson í BF Boganum, en hann sló 10 einstaklings met og 3 liðamet á árinu og Marín Aníta Hilmarsdóttir í BF Boganum sem sló 3 einstaklings met og 4 liðamet í kvenna flokki. Marín náði einnig því afreki að eiga Íslandsmetin í öllum aldursflokkum ungmenna U16, U18 og U21 innandyr og utandyra. Birna Magnúsdóttir úr BF Boganum átti flest einstaklingsmet kvenna með 4 einstaklings met í 50+.

2020 slógu Íslendingar 7 heims- og Evrópumet í berboga, en þau voru öll slegin á Bogfimisetrið Indoor mótinu í Janúar. Flest þeirra meta fóru til keppenda í BF Hróa Hetti. Guðbjörg Reynisdóttir úr BF Hróa Hetti setti heims og Evrópumet á árinu í berboga U21 og var ekki langt frá því að bæta þau aftur tvisvar á árinu.



Íslandsmetaskrá var uppfærð mánaðarlega eða oftar þegar þurfti. Einnig var bætt við heims og Evrópumetum sem Íslendingar hafa slegið í Íslandsmetaskrá.

Staðfest Íslandsmet 2020


Félag	Met	Trissubogi	Sveigbogi	Berbogi	Karlar	Konur	Para
Bogfímifélaginn Boginn	43	20	16	7	25	15	3
Bogfímifélagið Hrói Höttur	12	3	3	6	1	10	1
Íþróttfélagið Akur	4	2	2	0	0	4	0
Skotfélag Austurlands	3	0	1	2	3	0	0
Skotfélag Ísafjarðar	2	0	1	1	0	2	0
	64	25	23	16	29	31	4

Félag	Opinn	50+	U21	U18	U16	Einstaklings	Lið	Innandýra	Utandýra
Bogfímifélaginn Boginn	7	9	15	10	2	30	13	29	14
Bogfímifélagið Hrói Höttur	4	3	5	0	0	10	2	9	3
Íþróttfélagið Akur	1	0	2	1	0	4	0	0	4
Skotfélag Austurlands	0	1	0	0	2	3	0	1	2
Skotfélag Ísafjarðar	0	0	0	0	2	0	2	2	0
	12	13	22	11	6	47	17	41	23

Bogaflokkar



Aldursflokkar





Mynd af Instagram ÍSí: Oliver og Dagur

Bogfimi í fjölmiðlum

Samskipti við fjölmiðla jukust til muna og var fjallað um bogfimi í öllum helstu fjölmiðlum og mörgum staðbundnum miðlum á árinu. Mikilvægt er að halda áfram að þróa og vinna að samvinnu við fjölmiðla til að auka sýnileika og þar með þátttöku í bogfimi.

BFSÍ var iðið við það að skrifa fréttagreinar um bogfimistarf á Íslandi og voru um 150 greinar birtar um ýmsa viðburði og fréttir. Ásamt því að taka til efni sem aðrir fjölmiðlar gátu notfært sér til að birta greinar. Það getur talist nokkuð gott miðað við að stór hluti starfsins lá niðri á árinu og ekki er verið að birta fréttir um allt frétt næmt en sem komið er.

Auk þess birtust nokkrar fréttir úr starfi BFSÍ á vefsíðu ÍSí og voru þeim Oliver Ormar Ingvarsson og Dagur Örn Fannarsson úr BF Boganum boðið að taka yfir Instagram ÍSí í einn dag.

Þjálfarar

Eitt af markmiðum í þjálfaramálum á árinu var að fá kennara frá heimssambandinu til þess að halda BFSÍ/WA stig 2 þjálfaranámskeið á Íslandi. Því var þó frestað vegna Covid-19 en vonandi verður mögulegt að halda slíkt námskeið 2021.

Reglugerð um þjálfara var samþykkt í ágúst í henni birtist sú umgjörð um málefni þjálfara sem hefur verið í smíðum síðustu ár. Haraldur Gústafsson var valinn þjálfarafulltrúi BFSÍ og mun sjá um framkvæmd reglugerðarinnar, samskipti við þjálfara og skipulagningu þjálfaramenntunar innan BFSÍ.

Verklegt og bóklegt þjálfarapróf var tekið upp fyrir BFSÍ þjálfarastig 1 í samræmi við leiðbeiningar frá ÍSí og fordæmi heimssambandsins. Próf fyrir BFSÍ þjálfarastig 2 er í vinnslu.

Unnið var í kerfi fyrir fjarmenntun þjálfara og er áætlað að sú vinna klárast á næstu 2 árum. Auk þess er ÍSí að vinna í því að opna sína þjálfaramenntunargátt fyrir sérsamsambandshluta þjálfaramenntunar. BFSÍ frestaði því að setja upp sitt eigið kerfi til fjarmenntunar 2020 þar til stefna ÍSí í þeim málum skýrist betur.

Dómarar

Átta landsdómarar voru með réttindi við lok árs 2020. Fjórir dómarar misstu réttindi á árinu þar sem þeir höfðu ekki sinnt endurnýjun.

Einn nýr aðili tók landsdómaraprófið og náði réttindum á þessu ári: Ásgeir Ingi Unnsteinsson úr UMF Eflingu.

Dómaranámskeið var skipulagt í september en var aflýst vegna skorts á þátttöku. Unnið er að því að styðja við aðgengi á dómaranámskeið og menntunar með því að hefja færslu á dómaramenntun yfir í fjarmenntunarkerfi.




Virkustu dómarar BFSÍ 2020: Ásdís og Ingólfur

Dómaraprófið var þegar aðgengilegt á vefsíðu sambandsins og er því haldið í samræmi við þær reglubreytingar sem komu til á árinu. Markmið næstu tvö ár er að færa alla dómaramenntun sem mögulegt er í fjarmenntun. Á árinu var tekin saman vasabók fyrir dómara og var sú bók prentuð í nokkru upplagi og er henni ætlað að koma dómurum að gagni í störfum þeirra.

Fjöldi iðkenda

Fjöldi iðkenda í fækkaði um 13.7% milli áranna 2019-2020. Sú fækkun var að mestu vegna leiðréttingar á fjölda iðkenda í Skotfélagi Ísafjarðar. Ef tekið er mið af þeirri breytingu er hægt að áætla að fjölgun iðkenda hafi verið um 1-5% á árinu 2020. Töluvert var þó um að iðkendur hættu æfingum og þátttöku á meðan á Covid-19 ástandinu hefur borið á landinu og óvíst hvort að þeir muni allir snúa aftur. Heildaráhrif heimsfaraldursins eru því enn ómæld.

Iðkendatölur 2012 - 2020



Önnur útbreiðslu og fræðslu verkefni

Nýtt aðildarfélag sundfélagið Grettir og héraðssamband Strandamanna voru tekin inn í BFSÍ um mitt árið 2020 með aðstoð Indriða Ragnars Grétarssonar formanns bogfimideildar UMF Tindastóls. Grettir átti í erfiðleikum með að koma sínu starfi af stað vegna Covid áhrifa.

Í samræmi við það sem var kynnt í heildarstefnu BFSÍ 2020-2021 tók BFSÍ ekki mjög virkan þátt í útbreiðsluverkefnum ÍSÍ og WA á árinu (#beactive, #verumhraust, lífshlaupið #backtoarchery o.s.frv.). Að stærstum hluta vegna þess að áhersla var lögð á innri þróun og uppbyggingu sambandsins á þessu fyrsta heila starfsári þess, en einnig vegna Covid-19 ástandsins. BFSÍ mun taka virkan þátt í slíkum verkefnum í framtíðinni og eiga frumkvæði að slíkum viðburðum þegar lengra er lítið.

Þó að BFSÍ hafi ekki sett sér það markmið á árinu að eiga frumkvæði að nýjum útbreiðslu og fræðsluverkefnum bárust nokkur verkefni á borð BFSÍ sem var tekið á á árinu. S.s.:

- Íðorðasafn um bogfimiíþróttir var tekið saman af Alberti Ólafssyni að ósk ÍSÍ til þess að samræma orðanotkun í íþróttum. Íðorðasafnið var einnig kynnt á formannafundi og þróun þess mun halda áfram í framtíðinni.
- Safnað var upplýsingum frá tryggingarfélögum um tryggingarmál í íþróttum fyrir BFSÍ, aðildarfélög og iðkendur og upplýsingar þess efnis birtar á síðu sambandsins.
- Unnið var að því að safna saman upplýsingum um styrki og styrktaraðila sem aðildarfélög BFSÍ geta sótt í og leitað til á hverju svæði og síða þess efnis birt á síðu sambandsins.
- Ungmennadeild BFSÍ var sett á lagnirnar á árinu með því markmiði að kynna keppni fyrir yngri iðkendum einkum með tilkomu U14 flokks. Deildin er með fjarmótarsniði og því sérstaklega hentug félögum utan höfuðborgarsvæðisins.
- Útbúnaðar voru merkjavörur á árinu s.s. penna, armbönd, pinna, grímur, verðlaunapeninga, landsliðsbúninga o.fl. sem merkt eru BFSÍ. Verður mikið af þessum varningi til sölu í vefbúð sambandsins til fjáröflunar landsliðsverkefna.
- Áhugi barst um stofnun deilda frá nokkrum landshornum og var íþróttin kynnt fyrir viðeigandi aðilum í samstarfi við Bogfimisetið.
- Mikið kapp var lagt í að helstu upplýsingar sem aðildarfélög, þjálfarar, dómara, iðkendur og aðrir þátttakendur þurfa að hafa aðgengi að séu skýrar og auðaðgengilegar á vefsíðu sambandsins.
- Í samstarfi við alþingismenn var unnið að skýringu Íslenskra laga um bogaeign og notkun í samræmingu við það sem tíðkast í öðrum norðurlöndum. Í þeim tilgangi að efla grasrótarstarf í bogfimiíþróttum í framtíðinni.
- Unnið var að því að skýra regluverk og verkferla til að greiða fyrir ferli trans einstaklinga til þátttöku í bogfimi. Fyrsti trans einstaklingur sem vitað er til að hafi keppt á Íslandsmeistaramóti á Íslandi keppti á Íslandsmeistaramóti í bogfimi á árinu í þeim flokki sem samræmdist þeirra kynvitund.
- Mörgum minni útbreiðslu og fræðslumálum var einnig miðlað til aðildarfélagana á árinu s.s. þjálfaramenntun ÍSÍ o.s.frv..

Unnið var að undirbúningi útbreiðsluverkefna 2021 á árinu með sama hugtaki og lagt verður fram í heildarstefnu stjórnar BFSÍ á bogfimiþingi 2021: „land þar sem allir hafa tækifæri til að stunda, taka þátt í og hafa gaman af bogfimiíþróttum“.



Baksviðsmynd frá Íslandsmóti

Samtals voru 29 mót haldin á árinu 2020, flest þeirra Íslandsmetahæf og 8 heims/Evrópumetahæf. Sem telst gott miðað við áhrif heimsfaraldurs. Áætlað var að kynna víðavangsbogfimi á Íslandsmótum á árinu en ekki var mikið um þróun nýrra verkefna á árinu, það þótti ekki æskilegt á meðan á Covid ástandi stóð.

Öll mót ársins voru birt í alþjóða skorskráningarkerfinu I@anseo og eru úrslit úr þeim mótum aðgengileg á heimasíðu skorkerfisins ianseo.net.

Íslandsmót BFSÍ

Þrátt fyrir truflanir vegna Covid-19 náðist að halda öll Íslandsmót ársins með lítilli röskun. Met þátttaka var á öllum 6 Íslandsmótum á árinu þrátt fyrir áhrif Covid-19 á mótahaldið. Mótin hittu vel á lægðir faraldursins og sem betur fer er bogfimi ekki íþróttagrein þar sem keppendur þurfa að snertast, deila búnaði eða að vera í mikilli nánd við aðra. Því hafði Covid minni áhrif á bogfimi en margar aðrar íþróttir.

Úrslit Íslandsmótana voru sýnd beint á YouTube rás archery.tv/iceland með sama fyrirkomulagi og á stórmótum erlendis. Birting á viðburðum sambandsins hefur batnað gífurlega á síðustu árum og er það hluti af undirbúningi til þess að geta birt Íslandsmeistaramótin í sjónvarpi í framtíðinni.

Íslandsmeistaramót innandyrá fór á annan veg en um hafði verið spáð en 5 af 6 Íslandsmeistaratitlum í opnum flokki fóru til keppenda sem voru yngri en 20 ára. Margir af þeim að keppa í fyrsta sinn í opnum flokki á Íslandsmeistaramóti. Fjölmíðlar landsins gáfu mótinu því sérstaka athygli og fjölluðu vel um það. Þetta er einstaklega ánægjulegt þar sem það gefur til kynna að barna og unglingastarf í íþróttinni sé sterkt og hægt að vænta þess að afreksstarf sambandsins styrkist í framtíðinni.

Íslandsmeistaramót utandyra var haldið í júlí á Víðistaðatúni í Hafnarfirði og heppnaðist vel þrátt fyrir gífurlegar truflanir vegna gulrar storm viðvörunar á laugardeginum þegar keppt var í trissuboga og berboga flokkum. Keppendur áttu erfitt með að skjóta sínum örvum á þeim degi og ýmsar frumlegar lausnir voru fundnar upp til þess að skjóta boga. Fjölmíðlar fjölluðu um mótið og birtu viðtöl við nokkra íþróttamenn. Mótinu var ekki aflýst þar sem veðrið hefur jöfn áhrif á alla keppendur og engum taldi vera stefnt í hættu vegna þess. Veðrið er jú eitt af atriðunum sem gerir utandyra keppni spennandi og það þarf að æfa sig við allar aðstæður.

Fá met voru slegin á utanhúss mótinu sem eðlilegt þykir miðað við aðstæður.

Áætlað var að kynna viðavangsbogfimi á mótinu en vegna veðurs og heimsfaraldurs var því frestað.

Á árinu var tekin upp félagsliðakeppni á Íslandsmeistaramóti utanhúss og félagsliðamet. Fyrsta slík var haldin á Íslandsmeistaramótinu utanhúss 2020 þar sem aðeins var keppt útsláttarkeppni um gull í sveigboga parakeppni. Áætlað er að bæta við á næstu árum liðakeppni að fullu inn á öll Íslandsmeistaramót en þó óvíst með fyrirkomulag á því og óvíst hvort að mögulegt verði að halda liðakeppni 2021 sökum heimsfaraldurs.


Íslandsmót ungmenna utandyra heppnaðist vel og ánægjulegt að sjá marga nýja spræka keppendur sýna sínar listir. Gott veður var á mótinu og mörg met slegin, þar má helst geta Nóa Barkarson sem sló öll 4 Íslandsmetin í U18 og U21 trissubogaflokkum.

Íslandsmót öldunga utandyra var haldið með nýju fyrirkomulagi í fyrsta sinn þar sem bætt var við 30+, 40+ og 70+ flokkum í samræmi við Heims- og Evrópuleika öldunga. Ekki voru gefnir formlegir Íslandsmeistaratitlar eða Íslandsmet fyrir þessa viðbótar flokka að svo stöddu (í samræmi við reglur heimssambandsins), en líklegt er að gefnir verði titlar á Íslandi fyrir flokkana í framtíðinni.

Íslandsmót ungmenna og öldunga innandyra var haldið sameiginlegt í tilraunaskyni með nýju formi. Haldið var sér mót fyrir U16 og U18 flokka laugardegi og svo annað mót haldið fyrir U21 og 50+ flokk á sunnudegi. Hugsunin var að gefa yngri krökkum tækifæri á því að keppa einnig í U21 flokki og auka gildi mótsins fyrir yngri iðkendur sem koma utan af landi, með því að gefa þeim færi á að keppa í tveim mótum í stað eins fyrir sama ferðakostnað. Fyrirkomulagið heppnaðist vel með met þátttöku en með fjölgun aldursflokka og keppanda á öldungamótum vegna viðbættra flokka verður það ekki mögulega í framtíðinni. Áætlað er að þegar að Íslandsmót ungmenna stækka að halda U16 og U18 mót á laugardegi og U21 mót á sunnudegi og virkja aftur þessi tækifæri til meiri keppni í U21 flokki.


Nokkuð var um þátttöku erlendra keppenda á Íslandsmótum ungmenna og öldunga í febrúar fyrir heimsfaraldur. En lítið var um slíkt í mars og síðar þegar áhrif heimsfaraldurs urðu ljós. Um 20 erlendar skráningar keppenda bárust á Íslandsmót á árinu.

Ingólfur Rafn Jónsson og Ásdís Lilja Hafþórsdóttir sáu um dómgæslu á öllum 6 Íslandsmótum þessa árs og skiptu yfirdómarastöðu jafnt sín á milli. Guðmundur Örn Guðjónsson sá um skipulagningu, úrslita birtingu og sá um dómnefnd mótana. Bogfimisfélagið Hrói Höttur í Hafnarfirði og félagsmenn þess félags sáu um uppsetningu keppnisvallar og ýmislegt fleira á Íslandsmótum utanhúss sem haldin voru á Víðistaðatúni í Hafnarfirði.




Veðurkort Veðurstofu Íslands þann 18 júlí 2020 á meðan á Íslandsmeistaramótið fór fram.

Íslandsmeistaratitlar eftir félögum




Íslandsmeistaratitlar Ársins	Samtals	Opinn fl.	Ungmenna	Öldunga
Bogfímifélagið Boginn	27	4	15	4
Bogfímifélagið Hrói Höttur	17	3	7	4
Íþróttafélagið Akur	9	3	5	0
Skotfélag Austurlands	7	1	2	4

Skráningar á Íslandsmót



Skráningar á Íslandsmót	Samtals	Innanhúss	Utanhúss
Íslandsmeistaramót	90	41	49
Íslandsmót Ungmenna	77	51	26
Íslandsmót Öldunga	36	18	18

Þáttaka eftir kyni



Önnur mót BFSÍ

Ungmennadeild BFSÍ var sett á laggirnar á árinu til þess að fylla í skort á ungmennamótum. Góð þátttaka hefur verið í deildinni miðað við að þetta er fyrsta árið sem deildin er haldin og áhrif Covid á þátttöku voru mikil. Líklegt er að deildinni verði haldið áfram á komandi ári til þess að hvetja iðkendur félaga til þátttöku í mótum og gefa þeim fyrstu kynni af móti í heimabyggð. Verið er að íhuga mögulegar viðbætur við deildina.



World Indoor Series innandyra mótaröð heimssambandsins World Archery var breytt í fjarmóta fyrirkomulag sökum heimsfaraldurs. Mögulegt var að taka þátt á heims- og Evrópumetahæfum viðburði í hverju landi fyrir sig, eða skila inn skorum með tveimur vitnum en slík skor eru ekki hæf til meta. BFSÍ fékk undanþágu frá banni á keppnum frá heilbrigðisyfirvöldum til þess að halda alþjóðlegt mót tengt Indoor World Series í desember í samstarfi við Bogfimisetrið.

Guðbjörg Reynisdóttir í BF Hróa Hetti var ekki langt frá því að endurheimta Evrópumet sitt á desember mótinu. 11 keppendur frá Íslandi kepptu á nóvember mótinu og 19 á desember mótinu.

Önnur mót

17 önnur mót voru haldin innan vébanda BFSÍ á árinu sem haldin voru af öðrum aðilum en BFSÍ. Mörg af þeim mótum sem voru á skipulaginu 2020 urðu fyrir gífurlegum röskunum vegna Covid-19 og var meira en helmingi þeirra frestað á endanum. Stóra Núps mótaröðin endaði á því að vera 1 mót í staðin fyrir þau 3 sem fyrirhuguð voru og miklar raskanir urðu á IceCup mótaröðinni þar sem eingöngu var hægt að halda 6 af þeim 12 mótum sem upphaflega var áætlað að halda á árinu

Búnaður

BFSÍ lagði áherslu árinu 2020 á að fjárfesta í búnaði til mótahalds, en ljóst er að meira þarf að gera í því að allra næstu árum. Hingað til hefur meirihluti búnaðar sem notaður hefur verið á mótum BFSÍ verið í einkaeigu sjálfboðaliða eða fengist lánaður sem styrkur frá Bogfimisetrinu. BFSÍ þarf að koma sér upp góðum búnaði til mótahalds til þess að bæta ásýnd íþróttarinnar og að undirbúa möguleika á því að halda alþjóðleg mót hér á landi í framtíðinni.



AFREKSSTARF

Skorskráning á Íslandsmóti

Áhrif Covid 19.

Öllum erlendum stórmótum var aflýst á árinu 2020. Það voru því enginn HM/EM, heimsbikarmót, Evrópubikarmót, norðurlandamót, hvorki fullorðinna né ungmenna á árinu 2020. Ekkert erlent afreksstarf í bogfimi var því á árinu 2020 á vegum BFSÍ.

Mótum sem var frestað:

- EM utandyra og undankeppni Ólympíuleika. (frestað til maí 2021)
- Loka undankeppni fyrir Ólympíuleika. (frestað og fært frá Berlín til Parísar 2021)
- Ólympíuleikar 2020 (frestað til 2021)
- Heimsleikar 2021 (frestað til 2022)

Mótum sem var aflýst sem Íslenskir keppendur voru áætlaðir til keppni:

- HM í víðavangsbogfimi (haldið næst 2022 á venjulegu skipulagi)
- Hyundai heimsbikar mótaroðinni (haldið næst 2021 á venjulegu skipulagi)
- Evrópubikar mótaroðinni (haldið næst 2021 á venjulegu skipulagi)
- EM ungmenna (haldið næst 2022 á venjulegu skipulagi)
- Evrópubikar mótaroð ungmenna (haldið næst 2021 á venjulegu skipulagi)
- Norðurlandamóti ungmenna (haldið næst 2021 á venjulegu skipulagi)
- ÓL ungmenna (haldið næst 2026 á venjulegu skipulagi)

EM utandyra sem var frestað verður haldið 2021 (ef Covid ástand leyfir) til viðbótar við þau EM og HM sem eru venjulega á dagskrá á árum sem enda á oddatölu. Þó var EM innandyra 2021 aflýst vegna heimsfaraldurs í desember. Líklegt er að þátttaka verði minni á HM/EM á árinu 2021 sökum kostnaðar og örðu leika við ferðalög sökum heimsfaraldurs.

Um helmingi smærri innlendra móta var einnig aflýst eða frestað, en þó var mögulegt að halda Íslandsmeistaramótin þar sem þau klárðu rétt áður en samkomubönn eða hertar aðgerðir voru settar á í mars og júlí.

Öllum innlendum hópaverkefnum sem var ekki hægt að færa yfir í fjarfundar form var aflýst vegna Covid. En æfingaskipulag og þjálfun stakra íþróttamanna í hópum hefur náð að ganga með tilfærslum og takmarkaðri skerðingu í samræmi við gildandi reglugerðir hverju sinni árið 2020.

Ljóst þykir að áhrif Covid-19 muni einnig hafa mikil áhrif á afreksstarf 2021.

Íþróttastjóri ráðinn.

Stjórn BFSÍ samþykkti á stjórnarfundum að ráða íþróttastjóra í 20% starf. Áætlað var að ráða íþróttastjóra í 50% starfshlutfall í heildarstefnu BFSÍ, en stjórn BFSÍ taldi öruggara að byrja á lægra starfshlutfalli vegna óvissu og fækkun verkefna sökum Covid 19 heimsfaraldurs. Áætlað er að hækka starfshlutfall íþróttastjóra 2021 þegar að ástandið vegna heimsfaraldurs batnar og íþróttastarf fer aftur að nálgast eðlilegt horf og erlend landsverkefni hefjast að nýju.

Einnig var ráðið í stöðu framkvæmdastjóra BFSÍ á árinu. Framkvæmdastjóri mun sjá um skipulag C landsliðsverkefna afreksstarfs á næstu árum í samstarfi við íþróttafélögin til viðbótar við sínar skyldur í tengslum við daglegan rekstur sambandsins.

Heilbrigðisteymi

Heilbrigðisteymi BFSÍ var í uppbyggingu á árinu 2020 og er komin nokkuð góð mynd á hvernig uppsetning þess verður í framtíðinni. 2019 og fyrri ár áður en Bogfiminefnd ÍSÍ varð að Bogfimisambandi Íslands var ekki til fjármagn til þess að styðja afreksíþróttafólk tengt kostnaði heilbrigðisteymis og því var ekki haldið utan um hver sá kostnaður var.

Gunnar Geir Markússon næringarfræðingur var tekinn inn í heilbrigðisteymi BFSÍ og hélt fyrirlestur 22 apríl sem öllum meðlimum aðildarfélögum BFSÍ var opin þátttaka í. Vel var tekið í verkefnið. Einnig voru ákveðnir einstaklingar í hópum BFSÍ sendir í einkatíma til Gunnars á árinu.

Helgi Valur Pálsson íþróttasálfræðingur var tekinn inn í heilbrigðisteymi BFSÍ og hélt fyrirlestur sem opinn var öllum meðlimum aðildarfélaga 5 september. Einnig voru ákveðnir einstaklingar í hópum BFSÍ sendir í einkatíma til Helga.

BFSÍ nýtti þjónustu nokkurra sjúkrabjálfa til þess að fylgjast með stöðu íþróttafólks sem er skilgreint í hópa BFSÍ. Meðal annars vegna sérþarfa ákveðinna íþróttamanna og til þess að koma á móts við afreksfólk sem býr utan höfuðborgarsvæðisins. Flestir í landsliðshópum BFSÍ hafa leitað til sjúkrabjálfa á árinu tengt slysavörnum, almennu mati á líkamsbyggingu íþróttafólksins og vegna meðhöndlunar/forvarna meiðsla.

Áætlað er að kostnaður vegna heilbrigðisteymis muni aukast á næstu árum eftir því sem teymið eykur sitt starf.

Hæfileikamótun

Verkefnið hefur tekið stökkbreytingum á síðustu tveimur árum, og áætlað er að þróun hæfileikamótunar haldi áfram næstu ár í takt við stækkun íþróttarinnar. Stærð ungmennalandsliðs og þarfir í stöður ungmennalandsliðs munu án vafa hafa áhrif á áherslur hæfileikamótunar og val í hópinn í framtíðinni.

Íþróttastjóra er falið að sjá um hæfileikamótun í samstarfi við þjálfara viðeigandi félaga þar sem við á. Fjórir af þeim einstaklingum sem skilgreindir voru í hæfileikamótunarhóp 2020 náðu viðmiðum

fyrir ungmennalandsliðshóp 2021. Af þeim fjórum náðu þrír einnig viðmiðum fyrir landsliðshóp og ein náði skilgreiningu afreksfólks. Sem er mjög góður afrakstur úr hæfileikamótun 2020. Við lok árs voru 7 í hæfileikamótunarhóp en þó höfðu nokkrir einstaklingar til viðbótar verið teknir inn/íhugaðir til prufu í hópinn á árinu. Valið var í hæfileikamótunar hóp 2021 í Nóvember 2020 eftir meðmælum aðildarfélaga.

Helsta áhersla í hæfileikamótun 2020 var þjálfun til þess að þróa og þjálfra íþróttafólkið. Slík þjálfun hefur skilað mestum árangri í að hækka getustig íþróttafólksins og normið í íþróttinni alþjóðlega. Mest áhersla hefur verið á að bæta form og tækni einstaklinga, einnig ráð/aðstoð við stillingar/val á búnaði, æfingarskipulagsgerð, markmiðasetning og þátttöku-/fjárhagsáætlun. Ákveðnir einstaklingar hafa einnig verið valdir í sérstök verkefni eins og æfingarbúðir erlendis til þess að koma þeim lengra.

Hætt var við öll hópaverkefni í hæfileikamótun á árinu sökum heimsfaraldurs Covid-19. Meðal annars æfingarbúðir með finnska landsliðsþjálfaranum Miika Aulio og æfingarbúðir hæfileikamótunar innanlands sem áttu að vera í aðdraganda erlendra móta ungmennalandsliðs.

Ekki var til mikið af búnaði til þess að sinna hæfileikamótun hjá BFSÍ og það ástand var bætt töluvert ár árinu. Seinni hluta árs var ákveðið að slá frekari uppfærslum á búnaði á frest þar til árið 2021, meðal annars sökum þess að búnaðurinn var ófáanlegur og til þess að dreifa kostnaði tengdum búnaði jafnar yfir árin.

Afreksbúðir ÍSÍ voru haldnar í nóvember-desember á árinu og 10 unglingar í hópum BSFÍ sem tóku þátt í því verkefni hjá ÍSÍ í gegnum BFSÍ.

BFSÍ tók þátt í hæfileikamótunar verkefni hjá World Academy of Sports í desember samstarfi við heimssambandið WA. BFSÍ sendi 11 unglinga sem skilgreindir voru í hæfileikamótun og ungmennalandsliði á námskeiðið. Tilgangur námskeiðsins var: „teaching the understanding and tools needed to achieve results in elite sport“. Í samræmi við leiðbeiningar af samráðsfundum afrekssambanda á vegum Afrekssviðs ÍSÍ bauð BFSÍ einnig Tennissambandinu, Badminton sambandinu og Borðtennissambandinu í samstarf í þessu verkefni þar sem mikið af því sem var fjallað um á námskeiðinu er einnig tengt þessum íþróttum.

Nokkur fjarnámskeið voru haldin í hæfileikamótun með erlendu afreksfólki. Þetta verkefni var einnig grunnur að því byggja upp afreksbúðir BFSÍ sem svipar til afreksbúða ÍSÍ en þó sérsniðið að íþróttafólki í bogfimiíþróttum. Thomas Rufer frá Sviss þjálfari, þjálfarakennari og landsliðsmaður hélt fjarnámskeið í október, Gilles Seywert trissubogamaður frá Lúxemborg og eini silfurmedalíuhafi Lúxemborg á Evrópuleikum frá upphafi, hélt fjarnámskeið í nóvember og Natalia Avdeeva sem er meðal annars núverandi heimsmeistari innandyrna og utandyrna, silfur og gull á Evrópuleikum o.s.frv. átti að halda fyrirlestur í desember en því var frestað til janúar 2021. Aflýsa þurfti einu fjarnámskeiði með Þýskum Evrópumeistara í trissuboga kvenna sökum óviðráðanlegra atvika.

Ungmenna landslið og verkefni

Í ágúst voru samþykktar nýjar reglur um val einstaklinga í ungmennalandsliðshópa. Byggist það á meðaltali skora af viðeigandi Evrópumeistaramótum síðustu 3 ára.

Markmiðið með reglunum er að hafa skýrari skilgreiningu á hverjir eru í ungmennalandsliði, búa til skýrari verkamma fyrir íþróttastjóra og þjálfara sem koma að hæfileikamótun BFSÍ, auðvelda skipulag afreksstarfs, auðvelda gerð fjárhagsáætlana afreksstarfs og betri markmiðasetningu fyrir yngri iðkendur.

Í október 2020 voru sex einstaklingar skilgreindir í ungmennalandslið 2021 miðað við nýju reglurnar. Fjórir af þeim sex náðu einnig viðmiðum fyrir landsliðshóp.

Enginn erlend verkefni voru fyrir ungmennalandslið á árinu vegna Covid-19 áhrifa. En þó náðist að fá nánast allar greiðslur vegna verkefna ungmennalandsliðs endurgreiddar, en nokkrir töpuðu fjármunum á flugmiðum sem þeir bókuðu utan BFSÍ.

Ungmennalandslið hefur einnig tekið þátt í mörgum verkefnum hæfileikamótunar. Þar sem hóparnir eiga margt sameiginlegt. Markmið hæfileikamótunar er að skapa fleira íþróttafólk sem nær viðmiðum ungmennalandsliðs og því gott að þeir hópar blandist saman, kynnist og læri af hvert öðru.

Landslið og verkefni

Í ágúst voru einnig settar nýjar reglur um val einstaklinga í landsliðshóp. Byggist það á meðaltali skora af viðeigandi Evrópumeistaramótum síðustu 3 ára.

Markmiðið með reglunum er að hafa skýrari skilgreiningu á hverjir eru í landsliði, búa til skýrari umgjörð fyrir íþróttastjóra og þjálfara sem koma að landsliðsverkefnum, auðvelda skipulag afreksstarfs og auðvelda gerð fjárhagsáætlana afreksstarfs.

Í október 2020 voru 9 einstaklingar skilgreindir í landslið 2021 miðað við nýju reglurnar.

Enginn erlend verkefni voru fyrir landslið á árinu vegna Covid-19 áhrifa. En þó náðist að fá nánast allar greiðslur vegna verkefna landsliðs endurgreiddar, en nokkrir töpuðu fjármunum á flugmiðum sem þeir bókuðu utan BFSÍ.

Norðurlandameistaramót Ungmenna - NUM

NUM 2020 var aflýst sökum heimsfaraldurs Covid-19 og ákveðið hefur verið að NUM 2021 verði með fjarmóta fyrirkomulagi þar sem eitt mót verður haldið í hverju landi en sameiginleg úrslit gerð fyrir öll norðurlöndin.

Menntun/endurmenntun afreksþjálfara

Íþróttastjóri sat fyrstur Íslendinga stig 3 námskeið hjá heimssambandinu og fékk BFSÍ stig 3 réttindi. Námskeiðið var haldið í febrúar í World Archery Excellence Center í Lausanne Sviss.

Fjórir þjálfarar sem höfðu lokið BFSÍ þjálfarastigum og prófi sátu World-Class coaching seminar hjá heimssambandinu í október og nóvember á þessu ári. Námskeiðið er haldið á 4 ára fresti og er miðað á þjálfara sem koma að hæfileikamótun eða afreksstarfi landssambanda. Námskeiðið er ætlað sem samráðsvettvangur þjálfara landssambanda ásamt endurmenntun og kynningar á nýjum aðferðum og búnaði. Vegna Covid-19 var námskeiðið í fyrsta sinn haldið í gegnum fjarfundabúnað.

Áætlað var að fjölga BFSÍ stig 2 þjálfurum á árinu en það tókst ekki sökum áhrifa heimsfaraldurs.

Alþjóðlegir dómara

Hefja átti samstarf í apríl við Slóveníu um menntun efnilegra dómara og uppbyggingu á reynslu sem er æskileg fyrir heimsálfudómara. En sökum þess að öllum mótum þeirra var aflýst varð ekki úr því verkefni. Það náðist að fá flugmiða endurgreidda vegna mótsins sem var búið að bóka. Áætlað er að hefja það samstarf 2021.

Sökum þess að engin alþjóðleg mót voru á árinu sökum heimsfaraldurs voru enginn erlend verkefni í dómgæslu alþjóðlega fyrir núverandi alþjóðlega dómara.

Afreksstefna

Uppfærð afreksstefna verður lögð til samþykktar á bogfimiþingi 2021 sem unnin var að miklu leiti á árinu 2020. Afreksstefnan er rammi stjórnar BFSÍ um hvernig afreksstarfi er háttað. Bráðabirgða afreksstefna var samþykkt á stofnþingi BFSÍ 2019 og átti hún að gilda til fyrsta þings 2021 og því

nauðsynlegt að uppfæra hana með lengri tímaramma. Afreksstefnan er að miklu leiti svipuð og fyrri afreksstefna með uppfærslum og nokkrum áherslubreytingum.

Afreksmiðstöð ÍSÍ

Mánaðarleg stöðuskýrsla íþróttafólks sem skilgreint er í hópa BFSÍ var sett upp á árinu 2020. Markmið þess verkefnis er að halda utan um helstu mælikvarða íþróttamanna í hópum BFSÍ. Ekki náðist að virkja það að fullu fyrir lok árs. Reynt verður að halda áfram að þróa verkefnið 2021.

